

Klausturbleikja  
Klausturvegi 5  
880 Kirkjubæjarklaustur

Egilsstaðir, 8.1.2025  
UST202401-297/F.Æ.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 7. nóvember 2024 – Klausturbleikja, Teygingalæk, ID 71**

Þann 7. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Klausturbleikju, Teygingalæk. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Sex eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:**

1. Í eftirliti árið 2023 voru hættuleg efni, t.d. formalín, geymd án viðeigandi lekavarna á gólfi í húsnæði rekstraraðila.  
*Í eftirliti árið 2024 voru öll efni geymd í fullnægjandi lekavörn og er frávikinu því lokað.*
2. Rekstraraðili framleiddi 94 tonn af bleikju árið 2022.
3. Ársyfirliti var ekki skilað fyrir árið 2021.  
*Ársyfirlitinu var skilað þann 15. nóvember 2024 og er frávikinu því lokað.*
4. Ársyfirliti var ekki skilað fyrir árið 2022.
5. Árið 2023 var styrkur svifagna í frárennsli og viðtaka ekki mældur.
6. Losun fosfórs árið 2022 var 10,6 kg/framleitt tonn, en hún má ekki vera yfir 7 kg/framleitt tonn.

**Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:**

1. Staðfesta þarf að útreikningar á fosfórlosun ársins 2023 séu réttir.

**Tvö frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Framleiðsla ársins 2023 var umfram heimild í starfsleyfi.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. janúar 2025.**

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Frigg Thorlaciús  
lögfræðingur